

FLÓRGOÐINN



FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

1. tbl. 15. árgangur



ÁSTUNDUN



1.-9. BEKKUR

Ástundun er skráð allt skólaárið. Ástundunartímabil er frá skólasetningu til skólaslita. Ástundunareinkunn birtist á vitnisburðarblaði nemandans að vori.

Ástundunaryfirlit fyrir hvern nemanda er sent heim um hver mánaðamót. Foreldrar/forráðamenn hafa 5 virka daga til að bregðast við ástundunaryfirlitinu með því að hafa samband við umsjónarkennara. Eftir þessa 5 virku daga er ekki hægt að breyta ástundun nemandans.

10. BEKKUR

Ástundun er skráð allt skólaárið. Ástundunartímabilin eru tvö, fyrra tímabilið er frá skólasetningu til 31. janúar og seinna tímabilið er frá 1. febrúar til skólaslita. Ástundunareinkunn birtist á vitnisburðarblaði nemandans að vori. Ástundunaryfirlit fyrir hvern nemanda er sent heim um hver mánaðamót. Foreldrar/forráðamenn hafa 5 virka daga til að bregðast við ástundunaryfirlitinu með því að hafa samband við umsjónarkennara. Eftir þessa 5 virku daga er ekki hægt að breyta ástundun nemandans.

GRUNNSKÓLAHÁTÍÐ

Grunnskólahátíð framundan með leiksýningum og dansæfingu. Frí í fyrstu tveimur kennslustundunum fimmtudaginn 4. febrúar.

Eru ekki allir tilbúnir með danskortið sitt ?

Miðvikudaginn 3. febrúar fer fram Grunnskólahátíð í Hafnarfirði. Leiksýningar verða frá öllum grunnskólunum í Gaflaraleikhúsinu kl. 13 og kl. 15. Um kvöldið kl. 19:00-22:30 fer fram ball í íþróttahúsinu við Strandgötu. Miðaverð á hátíðina er 2500 kr. og miðasala fer fram í félagsmiðstöðvunum í Hafnarfirði. Innifalið í miðaverði eru leiksýningar, ball og akstur. Rútur fara frá öllum skólum á ballið nema Lækjar- og Öldutúnsskóla, en unglíngarnir þaðan koma sér sjálfir á staðinn. Fatahengi verður á staðnum en ekki er borin ábyrgð á verðmætum og sköpör verða ekki geymd í fatahenginu. Við hvetjum foreldra til að biðja unglínginn sinn um að skilja

ekki verðmæti eftir í yfirhöfnum sínum og velja skóbúnað vel því ballið er langt. Það eru rútuferðir heim eftir ballið og er ætlast til að allir nemendur fari heim með rútnum.

Frí er gefið í fyrstu tveimur kennslustundunum þann 4. febrúar fyrir nemendur í unglíngadeild. Nemendur fá nánari upplýsingar þegar nær dregur varðandi mætingu og fyrirkomulag.

Vegna hátíðarinnar lýkur kennslu í unglíngadeild Áslandsskóla 3. febrúar með hádegisverði. Nemendur borða þó á sínum hefðbundna matartíma.



ÁLFAHEIMAR

LÆRA FORRITUN

Nemendur í Álfheimum voru að stíga sín fyrstu skref í forritun nýlega.

Þau nýttu sér Ipad bekkjarsett- in sem í boði eru fyrir yngri deildina og unnu forritunar- verkefni á síðunni code.org.

Skemmtilegt viðfangsefni sem Álfheimar munu halda áfram með.

Það vantaði ekki áhuga eins og myndirnar hér fyrir neðan sýna. Fullkomin virkni, samtal, rökræður, sköpun og hlátur í 80 mínútur.



LÆSISÁTTMÁLI

Miðvikudaginn 27. janúar var Læsisáttmáli Heimilis og Skóla við Mennta- og menningarmálaráðuneyti undirritaður í Áslandsskóla.



Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, og formaður Heimilis og skóla – lands- samtaka foreldra, Anna Margrét Sigurðardóttir, undirrituðu samning um gerð læsisáttmála fyrir foreldra og kynningarefnis þar af lútandi.

Áslandsskóli fékk þann heiður að hýsa undirritunina og stýrði Leifur S. Garðarsson skólustjóri athöfninni.

Meginmarkmið með umræddum samningi eru að:

Stuðla að aukinni lestrarfærni barna og unglinga með þátttöku og stuðningi foreldra við framkvæmd þjóðarsáttmála um læsi sem öll sveitarfélög hafa undirritað ásamt ráðherra og fulltrúum Heimilis og skóla.

Útbúa sérstakan læsisáttmála fyrir foreldra og innleiða hann um land allt með margvíslegum aðgerðum.

Auka vitund foreldra um ábyrgð sína gagnvart læsi barna sinna.

Virka foreldra í að styðja við læsi barna sinna.

Auka samstarf kennara og foreldra.

Koma á framfæri kynningarefni um áherslur og samstarf þriðja geirans og stjórnvalda við að efla læsi barna.

Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er 14 milljónir króna og miðast við verkáætlun sem Heimili og skóli hafa lagt fram og ráðuneytið samþykkt. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til ársloka 2016.

Athöfnin gekk afskaplega vel. En auk ávarpa Illuga og Önnu Margrétar þá lásu Katla Sif og Thelma Rós úr 8. bekk ljóð ásamt því að nemendur úr 5. bekk komu fram sem talkör.

APP kynning - Explain everything

Explain Everything er skemmtilegt og býsna öflugt snjallforrit til að útbúa kennsluefni og hvers kyns kynningar.

Appið hentar nemendum jafnt

sem kennurum.

Appið er einkar hentugt í skólastarfi og gagnlegt tól ef vendikennsla er á dagskránni.

Nemendur geta notað appið

til að búa til skila verkefni, þar sem þeir geta blandað saman glærुकynningu, hljóði og ýmis- konar myndefni.



ÍTALSKT GRÆNMETISFAT

Það er alltaf líf og fjör í heimilisfræðistofunni og margir gómsætir réttir útbúnir. Á myndunum má sjá nemendur í 5. bekk útbúa grænmetisfat með ítölsku ívafi. Sannarlega girnilegt að sjá og smakkaðist víst líka afskaplega vel. Verði ykkur að góðu.



MYNDIR
Myndir frá undirritun læsisáttmála Heimilis og Skóla og ráðuneytis.



APP kynning - I-Movie

Auðvelt að taka upp myndefni og klippa saman og til að búa til heilstæð myndskreið í appinu. Setja inn hljóð- og myndbrellur, bakgrunnstónlist o.fl. iMovie.

Appið er mjög auðvelt í notkun og byrjendavænt. Nemendum þykir gaman að fíkta sig áfram og elska að búa til trailera. Dæmi eru um það að nemendur

skili inn skýrslum sem myndböndum til kennara.



HEILBRIGÐUR LÍFSTÍLL

Tónlistar- og knattspyrnumaðurinn Jón Jónsson kom í heimsókn í Áslandsskóla.

Jón Ragnar Jónsson tónlistarmaður kom í heimsókn til nemenda í 8. bekk þann 11. janúar.

Jón Ragnar spjallaði við krakkana, ræddi um heilbrigðan lífsstíl og talaði gegn munntóbaksnotkun.

Boðskapur Jóns Ragnars er ekki eingöngu forvarnarfræðsla gegn munntóbaki.

Hann leggur líka áherslu á heilbrigðan lífsstíl, heilbrigð samskipti og að lifa lífinu lifandi.

TVÆR MILLJÓNIR

Skólasamfélagið í Áslandi styrkir Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar árlega.



Vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar dagana 25.-26. febrúar. Vetrarfríið kemur í kjölfarið á skipulagsdegi.

Skipulagsdagurinn 24. febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Þann dag verður sameiginlegur fræðslufundur skólafólks í sveitarfélaginu með áherslu á læis.

Undanfarni ný ár hefur skólasamfélagið í Áslandsskóla styrkt Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar með framlögum fyrir jólin.

Fulltrúar nefndarinnar komu á jóla-skemmtun í Áslandsskóla í dag, föstudaginn 18. desember, og tóku við framlagi úr hendi Leifs S. Garðarssonar skólastjóra.

Í ár söfnuðust 156.375.- krónur.

Á ný árum hefur skólasamfélagið í fjallinu því styrkt Mæðrastyrksnefnd um 2.098.695.- krónur.

Þessi hugsun okkar til þeirra sem minna mega sín tengist einni af fjórum hornstoðum skólans, þjónustu við samfélagið

Á döfinni

JANÚAR & FEBRÚAR

22

5

10

24

25

26

JANÚAR

Bóndadagur & upphaf Þorra
22. jan

FEBRÚAR

Foreldradagur 5. feb
Öskudagur 10. feb
Skipulagsdagur 24. feb
Vetrarfrí 25.-26. feb

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri